Skráningarvefsjá

21.8.2014

Vefsjárnar eru tvær, annars vegar sú sem verður opin almenningi og notum til að skoða skráningarnar, og hins vegar skráningarvefsjáin. Best er að nota vafrana **Firefox** og **Chrome** en Internet Explorer ætti að virka líka.

Almenningsvefsjána er að finna á slóðinni: http://www.loftmyndir.is/k/kortasja.asp?client=minjastofnun

Skráningarvefsjána er að finna á slóðinni: https://loftmyndir.is/login/login.asp?app=minjastofnun_skraning



1. Stjórntæki

Hefðbundinn stika til að "ferðast" um Íslands; þysja inn, þysja út, hnika, upphafskort (sjá allt Ísland), mæla fjarlægð, hjálp, velja.

2. Þekjur

- Sveitarfélagsmörk (koma frá Loftmyndum)
- Nytjaland (jarðarmörk, koma frá Þjóðskrá)
- Örnefni (koma frá Loftmyndum)
- Verkefni
- Fornleifar svæði
- Fornleifar línur

• Fornleifar – punktar

Fornleifaskráning er skilgreind sem verkefni annars vegar og fornleifar hins vegar. Skrásetjari skal afmarka það svæði sem sem hann skráði (verkefni) og viðhengi sem tengjast því (skýrsla og uppmælingar). Síðan þarf hann að setja inn punkta/línu/svæði fyrir fornleifarnar og lágmarksupplýsingar.

Hægt er að kveikja og slökkva á þekjum með því að haka við viðeigandi þekju.

Getur borgað sig að kveikja ekki á þekjunum fyrr en búið er að þysja sig inn á viðeigandi svæði til að flýta aðgerðum.

Skrá / Breyta Til að skrá nýtt verkefni + fornleifar eða breyta óstaðfesta skráning	
Lesa inn GPS	Setja inn hnit á fornleifum
Sameina fornleifar	Sameina punkta undir sömu fornleif (geta verið fleiri en ein skráning en til að tryggja að fólk skilji að um sömu fornleif sé að ræða þarf að sameina punktana. Einungis starfsmenn Minjastofnunar hafa réttindi til að sameina punkta (staðsetningar fornleifa frá mismunandi verkefnum).
🖋 Staðfesta lok verkefna	Starfsmenn innan Minjastofnunar hafa réttindi til staðfesta skráninguna, þ.e. að skráningin uppfylli allar okkar kröfur um fornleifaskráningu.
🔀 Senda	Senda link á zoomað/valið svæði.
Prenta	Prenta út zoomað/valið svæði

3. Skráningartól

Dæmi um feril:

Skrásetjari velur

🖉 Skrá / Breyta

Þá kemur upp eftirfarandi gluggi:

×	Formleifar - Punktar
Skrá verkefni eða fornleifar	Saudanes
Verkefni Teikna	
Fornleifar Virkt lag:Ekkert <u>(brevta)</u>	
Skrá nýjar fornleifar á það lag sem valð er. Hægt er að eiga við eigindi nýskráðra fornleifa með því að smella á hana Teikna	
Til að breyta skal smella á þá fornleif sem eiga skal við athugaðu hvort að rétt lag sé örugglega ekki valið Breyta	
Hætta við	

Til byrja með þarf að teikna svæði verkefnis. Það er gert með því að velja Verkefni -> Teikna eða Virkt lag -> Verkefni.

Þegar búið er að teikna einn fláka tvísmellur maður með músinni (vinstri takka). Þá kemur upp gluggi sem spyr hvort maður vilji teikna fleiri fláka eða halda áfram skráningunni. Þetta þýðir að hægt er að

hafa fleiri en einn fláka á bak við hvert verkefni, t.d. ef skráðar eru tvær jarðir sem ekki liggja endilega saman hlið við hlið.



Því næst eru skráðar upplýsingar um verkefnið. Til að mynda ástæður, gerandi o.s.frv. Ætlast er til þess að skrásetjarar seti inn skráningarskýrslur sem pdf skýrslur og **uppmælingar í ZIP-skrá**. Það er gert með því að velja Viðhengi -> Skoða/Bæta við. Síðan eru viðhengin dregin yfir í gluggann. **Athugið að heiti viðhengja má ekki innihalda íslenska stafi**.

Möguleiki er á að senda inn skráningu fornleifa svæðisins sem shapeskrár eða excel töflur ef nákvæmlega hefur verið farið eftir stöðlum Minjastofnunar.



Svo er komið að því að skrá fornleifarnar sjálfar. Þá er aftur farið í Skrá / Breyta og fornleifar – punktar valið sem virkt lag.



Síðan valið teikna ef verið er að setja inn nýjar skráningar og breyta ef þarf að breyta einhverjum upplýsingum. Það á þá einungis við um þessa skráningu/heimsókn. Ef það er aftur farið á staðinn seinna þá þarf setja það inn sem nýtt verkefni.



Staðsetning fornleifar er annað hvort sett inn með því að styðja á viðkomandi stað með músinni eða með hnitum Lesa inn GPS.

Þegar punkturinn birtist á vefsjánni þá er stutt á punktinn og upp kemur skráningargluggi.

2-14/2			24.44
A	Fornleifanúmer:	103302	
U • D	Fornleifanúmer:	103302	
A	Notandi:	forn_solborg	
A	Notandi:	forn_solborg	
	Gamalt númer:		1000
A CREDY	Verkefnanúmer:	1619	10012.36
Ĥ		Fylla þarf út þetta glidi	4.
	Tilvísunarnúmer í skýrslu	: 22	
	Heimsótt:	2014	
	Skrásetiari:	Pylla þarf út þetta gildi AAAA-MM-DD Sólborg Una Pálsdóttir	
		Fylia parf út þetta gildi	
	Sérheiti:	Græna tóft	
	Minjaheild:	Býll	800
	Tegund:	toft 🔻	
Section of the	Tegund - Annaô:		
	Hlutverk:	fjárhús 🔻	
alk-	Hlutverk - Annað:		
	Aldur frá:	1700	a statute
Market St.		Fylla þarf út þetta gildi	1968
	Aldur til:	1750	
	Friðlýst:	Pyna par ut petta giror	1 0
	Ástand:	greinanleg 🔻	
	Horfin vegna:	▼	
274.	Hættumat:	engin hætta 🔻	
	Hættuorsök:	T	
Barrie -	Vegghæð frá:	0.5	1.00
	Vegghæð til:	1	1.16
	Vegg breidd:	3	
	Lengd:	5	
	Gróður:	gras 🔻	Renta
	Lýsing:	Torf- og grjöthlaðin	Sec. 33
0		Evila barf () betta oliri	1. 8
Loftmyndir	Athugasemd:	- Arrest barrest met barrente Barrest	
	Viðhengi:	Skoða/Bæta við	
	Skoča skráningarstačal		
	Vista Eyőa Hætta	við	

Skýringar á skráningarglugga:

Fornleifanúmer: Sjálfvirkt númer sem gagnagrunnurinn gefur viðkomandi fornleifum.

Notandi: Skráningarnafn

Gamalt númer: Ef fornleifarnar hafa verið skráðar áður.

Verkefnanúmer: Númerið á verkefninu í skráningarkerfinu. Hægt er að haka við Verkefnisþekjuna til að sjá númerið.

Tilvísunarnúmer í skýrslu: Það númer sem fornleifarnar hafa í skýrslunni.

Heimsótt: Hvenær fór skráning á vettvangi fram. Hér verður að setja dagsetninguna inn sem ár, mánður og dagur, þ.e. 2014-05-30.

Skrásetjari: Nafn sem skráði viðkomandi fornleifar.

Sérheiti: Ef fornleifarnar hafa sérstakt sérheiti eða örnefni sem tengist staðnum.

Minjaheild: Ef skrásetjari vill taka fram að fornleifarnar séu hluti af heild, til dæmis seli, býli,

verslunarstað.

Tegund: Tegund fornleifa lýsir því sem skrásetjari hefur í höndunum í dag, t.d. tóft, hleðslu, garðlag eða heimild. Sjá fellilista og skýringar í stöðlum.

Tegund annað: Hér má skrásetjari að auki setja tegundarheiti sem ekki er að finna í fellilistanum.

Hlutverk: Hlutverk lýsir hlutverki mannvirkisins/viðfangsefnisins þegar það var í notkun.

Hlutverk annað: Hér má skrásetjari að auki setja hlutverkarheiti sem ekki er að finna fellilistanum.

Aldur frá/Aldur til: Aldur fornleifa skal ská sem ártal frá og ártal til. Ártal frá stendur fyrir árið sem mannvirkið/viðfangsefnið var tekið í notkun eða skapað og ártal til stendur fyrir árið sem hætt var að nota mannvirkið/viðfangsefnið.

Ástand: Ástand fornleifanna, velja úr fellilista, sjá frekari skilgreiningar í stöðlum.

Horfin vegna: Ef minjarnar eru horfnar skal reyna leggja mat hvað olli því, velja úr fellilista, sjá frekari skilgreiningar í stöðlum.

Hættumat: Á vettvangi skal leggja mat á þá hættu sem fornleifarnar eru í. Velja úr fellilista, sjá frekari skilgreiningar í stöðlum.

Hættuorsök: Undir þessum lið skal greina af hvaða völdum fornleifunum stafar helst hætta. Velja úr fellilista, sjá frekari skilgreiningar í stöðlum.

Vegghæð frá: Minnsta hæð veggja í metrum. Athugið að hér eru notaðir **punktar** ekki kommur, t.d. 0.5.

Vegghæð til: Mesta hæð veggja í metrum. Athugið að hér eru notaðir **punktar** ekki kommur, t.d. 0.75.

Breidd: Breidd fornleifa í metrum. Athugið að hér eru notaðir punktar ekki kommur, t.d. 0.75.

Lengd: Lengd fornleifa í metrum. Athugið að hér eru notaðir **punktar** ekki kommur, t.d. 0.75.

Gróður: Velja úr fellilista.

Lýsing: Stutt lýsing á tóft.

Styðja svo á vista þegar skráningu er lokið.

Þegar skrásetjari hefur sett inn allar fornleifarnar með þessu móti þá fer hann í velur verkefni sem virkt lag og breyta og hakar við að verkefni sé lokið í verkefnisglugga. Eftir það getur skrásetjari engu breytt í skráningunni.

Starfsmenn Minjastofnunar athuga reglulega hvort einhver verkefni bíði staðfestingar en ef brýnt er

á

að fá staðfestingu sem fyrst er rétt að þysia inn á skráningarsvæðið og velja		Senda
oddgeir@minjastofnun.is		

← → C 🗋 www.loftmyndir.is/k/kortasja.as	p?ticket=aduquvedu&client=minjastofnun_skraning#	☆ S ≡
🗰 Apps 🏼 Google Analytics 🗋 PolePixie.com Paint	🚺 Fornleifarannsóknir 🚺 Friðlýstar fornleifar 🗋 Georeferencer 🚺 Hús - gagnagrunnur 🐞 Fornleifavernd - test	🐞 Ísland 2020 – sókn fy »
Minjastofnun Minjastofnun Islands I R I R I R I R	Heimilisõng Lesa inn GPS 🖉 Skrá / Breyta 💽 Sameina fornieifar 🗬 Staðfes	Sólborg Una Páladótri/(Utalva) v elas ta lok varkefna Sanda Penta Pekjur Sveitarfélagsmörk Hytjaland Ornenki og vegir Erenteni Formietar - Svæði Ermietar - Svæði
	Ti: Image: State St	Perniettar - Punktar
кіі о́метала o 1 2 © Loftmyndir ehf. Allur réttur áskilann.	Gariada Sabali	Gjóbář 575746-58851, 617452.77073

Valdir starfsmenn munu þá fara yfir skráninguna og velja Staðfesta lok verkefna þegar talið er að staðlar séu uppfylltir.